

19. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn, mánudaginn 13. mars 2012, kl. 12:00

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson og Sóley Indriðadóttir. Jafnframt sat fundinn Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ósk um leyfi fyrir viðbyggingu við Sunnuveg 11

Óskað er eftir leyfi til að byggja við Sunnuveg 11, skv. teikningum unnum af TR.aust s/f. Meðfylgjandi umsókn er undirskrifað samþykki nágranna. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur grenndarkynninguna fullnægjandi og leggur til við sveitarstjórn að byggingarfulltrúa verði heimilað að gefa út byggingarleyfi fyrir viðbyggingunni enda uppfylli hún ákvæði byggingarreglugerðar.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.12:40